



Ár 2022, föstudaginn 30. september, er kveðinn upp svohljóðandi úrskurður aganefndar Golfsambands Íslands í málinu nr. 1/2022

Mótsstjórn Íslandsmóts eldri kylfinga

gegn

**Margeiri Vilhjálmsyni,
Kristjáni Ólafi Jóhannessyni**

og

Helga Svanberg Ingasyni.

Þann 2. ágúst 2022 barst aganefnd GSI kæra frá mótsstjórn Íslandsmóts eldri kylfinga, dags. 29. júlí sl., á hendur Margeiri Vilhjálmsyni, kt. [REDACTED], Kristjáni Ólafi Jóhannessyni, kt. [REDACTED] og Helga Svanberg Ingasyni, kt. [REDACTED], (kærðu), vegna meints agabrots á öðrum degi mótsins sem fram fór á Jaðarsvelli á Akureyri, dagana 14.-16. júlí sl.

Í kæru er kærðu gefið að sök á mælisverð og óíþróttamannsleg framkoma með því að hafa sammælt um að hunsa úrskurð dómara mótsins með því að gera ekki grein fyrir vítahöggum á viðeigandi skorkortum, haft rangt við gagnvart öðrum keppendum, þræta við dómara, vísvitandi staðfest of lágt skor leikmanns, sýnt starfsmönnum mótsins vanvirðandi framkomu með skrifum um þá á samfélagsmiðlum og með niðrandi handarmerkjum.

Með háttseminni hafi kærðu, í fyrsta lagi sniðgengið golfreglur, í öðru lagi skilað inn of lágu skori, í þriðja lagi virt úrskurð dómara mótsins að vettugi og í fjórða lagi sýnt starfsmönnum mótsins vanvirðingu.

Þess er krafist að kærðu verði beittir þeim viðurlögum sem nefndinni er heimilt að beita skv. 12. gr. reglugerðar um aganefnd GSI.

Aganefnd tók kærana fyrir þann 2. ágúst og var afstaða tekin til hugsanlegra formgalla á kæru. Að mati nefndarinnar voru engir formgallar á kærinni sem gætu valdið frávísun hennar. Af þeim sökum ákvað aganefnd að taka kærana til efnislegrar meðferðar og var kærðu send kæran ásamt fylgigögnum í ábyrgðarpósti þann 3. ágúst sl. Var skorað á kærðu að halda uppi vörnum í málinu innan fjórtán daga frá dagsetningu bréfsins, sbr. 8. gr. reglugerðar um aganefnd.

Lögmaður Margeirs skilaði greinargerð fyrir hans hönd en einnig skilaði Margeir sjálfur skriflegum athugasemdum, innan frestsins. Kristján óskaði eftir lengri fresti vegna veikinda og var veittur frestur til 31. ágúst s.l. Engin viðbrögð bárust frá Helga innan frestsins sem aganefnd túlkar sem ákvörðun hans að halda ekki uppi vörnum í málinu.

Aganefnd taldi ekki ástæðu til að boða kærðu á fund sinn þar sem nefndin taldi málsatvik og málsástæður kærðu í ljós leidd með fyrirbyggjandi gögnum.

Eftir nokkra umfjöllun um málið, ákvað aganefnd að ekki væri þörf á skýrslutökum í málinu.



I. Málavextir

Málavextir voru með þeim hætti að Golfsamband Íslands hélt í samstarfi við Golfklúbb Akureyrar, Íslandsmót eldri kylfinga á Jaðarsvelli á Akureyri, dagana 14.-16. júlí sl. Óumdeilt er að á öðrum keppnisdegi þann 15. júlí, hafi kærðu Kristján og Helgi ekki gert grein fyrir vítahöggum á skorkortum sínum, sem dómari úrskurðaði á þá vegna brots á golfreglum og að Margeir hafi staðfest of lágt skor þess leikmanns sem hann var ritari fyrir. Þeir voru í ráshópi með Margeiri Vilhjálmsyni og voru þeir allir kærðir til aganefndar vegna agabrota í umrætt sinn. Aganefnd telur ekki hjá því komist að fjalla sameiginlega um málavexti í málum kærðu. Lítilsháttar munur er á málsatvikum hjá aðilum málsins, sem aganefnd telur ekki skipta máli við úrlausn málsins.

Atvik voru nánar með þeim hætti að þennan dag var dómari mótsins, Tryggvi Jóhannsson, við störf á vellinum. Með honum var Arnar Geirsson en þeir voru báðir í mótsstjórn. Leikhraði var hægur á ráshópum á síðustu holum vallarins, er þeir voru staddir þar sem útsýni var m.a. yfir 17. flöt. Þar var ráshópur nr. 16 að ljúka leik og voru dómari og Arnar að skrá leiktíma þeirra í Golfbox. Margeir lauk leik fyrstur og gekk af flötinni í átt að 18. teig en þá voru Helgi og Kristján að ljúka leik. Ekki er ágreiningur um að þegar Helgi og Kristján höfðu þúttað boltum sínum í holu, hafi þeir báðir lagt bolta sína á flötina og þúttuðu aftur, þótt þeir hefðu lokið leik á holunni.

Þann 11. apríl 2022 samþykkti stjórn GSÍ keppnisiskilmála og staðarreglur GSÍ, sem gilda í öllum mótum á vegum GSÍ árið 2022. Samkvæmt 13. gr. er golfreglu 5.5b breytt þannig í högggleik að á milli hola má leikmaður ekki slá nein æfingahögg á eða nærri flöt holunnar sem hann var að ljúka. Sömu keppnisiskilmálar og staðarreglur GSÍ, hafa verið samþykktar árlega í tíu ár af móta- og dómaranefnd GSÍ, þær eru endurskoðaðar ár hvert og samþykktar af stjórn GSÍ. Helga og Kristjáni var samkvæmt ákvæðinu óheimilt að þútta aftur og eru viðurlög við broti gegn ákvæði 13. gr. almennt víti.

Jafnskjótt og dómari og Arnar sáu Helga og Kristján taka æfingapúttin, gekk dómari úr skugga um efni reglunnar með uppflettingu gegnum síma. Dómari og Arnar fóru því næst að 18. teig er ráshópurinn var að slá upphafshögg og bera báðir um að hafa beðið með að ræða við kylfingana þar til hópurinn hafði lokið við að slá upphafshögg sín. Bera þeir báðir um að dómari hafi spurt Helga og Kristján hvort þeir hefðu tekið æfingapútt á 17. flöt sem þeir hafi báðir svarað játandi. Dómarinn hafi þá gert þeim grein fyrir að það væri brot á reglu og tilkynnt þeim að þeir hafi báðir hlotið almennt víti fyrir brotið. Í fyrstu hafi þeir orðið hissa en síðan hafi þeir brugðist illa við tilkynningu dómara.

Dómari og Arnar bera jafnframt um að Margeir hafi þá blandað sér í samtalið og spurði dómara hvort þeir ætlaðu virkilega að „eltast“ við þetta, þ.e. að dæma víti á Helga og Kristján fyrir æfingahögginn. Jafnframt hafi Margeir viðhaft þau orð að þeir „væru alveg úti á túni með þetta“ og Helgi hafi sagt að keppendur væru að gera þetta sama um allan völl og því ætti að refsa fleiri leikmönnum. Að þessu loknu gekk ráshópurinn á brott frá dómara og Arnari og fannst þessi úrskurður ekki réttur. Einhver orðaskipti voru til viðbótar, m.a. hafi kærðu fundist illa að sér vegið þar sem þeir hafi ekki verið að tefja leik með æfingahöggnum. Taldi Margeir leikhraða góðan og því væri ekki ástæða til að beita vítum. Dómari kveðst þá hafa upplýst Margeir, er þeir gengu niður 18. braut, að ráshópurinn hafi verið 34 mínútum yfir uppgefnum hámarks leiktíma þegar hann lauk leik á 17. holu þótt það eitt og sér hafði ekkert með umrætt brot að gera. Að sögn dómara hafi Margeir lagt til að dómari liti fram hjá umræddum brotum. Dómari kveðst hafa verið að ganga á brott er Kristján spurði hvort það væri rétt skilið að verið væri að dæma víti á sig. Dómarinn kveðst hafa svarað játandi og svarað spurningu Kristjáns hvort um væri að



ræða eitt eða tvö högg í víti, að þau væru tvö. Að svo búnu hafi dómari gengið á brott til baka upp að 18. teig til starfa á vellinum. Greinargerðir kærðu og framlögð málgögn bera um sömu málsatvik eða svipuð málsatvik og telur aganefnd ljóst vera að öllum kærðu hafi verið ljóst að dómari hefði dæmt víti á Helga og Kristján, þegar þeir luku leik á 18. holu.

Jón Heiðar Sigurðsson, sem einnig var í mótsstjórn, kom einhverju síðar að máli við dómara og Arnar og spurði hvað hafði gengið á og upplýstu þeir hann um atvik. Við skoðun þeirra á „lifandi“ skorskráningu kærðu leit út fyrir að umrædd vítahögg hefðu ekki verið skráð á skorkort kærða og Kristjáns. Dómari kveðst þá hafa farið í skorkortamóttöku þar sem kærðu höfðu undirritað og skilað skorkortum. Þar ræddi hann við starfsmann sem hafi tjáð honum að kærðu hafi verið æstir þegar þeir komu í móttöku, að Margeir hafi lýst yfir að úrskurður dómara væri rugl og ættu hinir tveir kylfingarnir því að hunsa úrskurðinn með því að skrá ekki vítahögg á skorkort sín.

Óskaði dómari eftir fundi í mótsstjórn (mótsstjórn) sem fundaði um málið og tók ákvörðun að veita öllum þremur kylfingum ráshópsins frávísun úr mótinu á grundvelli reglu 3.3.b, sbr. skýringar 3.3b(2), þar sem Helgi og Kristján fengu frávísun fyrir að skila vísvitandi inn of lágu skori og einnig Margeir sem ritari, sbr. reglu 3.3.b(1)/1, fyrir að staðfesta vísvitandi rangt skor. Mótsstjórn fól Tryggva dómara og Arnari að ræða við viðkomandi leikmenn, sem þeir gerðu.

Strax náðist í Kristján sem var staddur í golfskalanum og kom hann til fundar við dómara og Arnar í herbergi mótsstjórnar, ásamt Gísla Guðna Hall, sem var viðstaddur samtalið sem vinur og lögmaður. Var Kristjáni -þá tilkynnt um frávísun hans úr mótinu. Aðspurður sagði hann að honum hafi verið ljóst að tvö vítahögg hafi verið úrskurðuð á hann, auk þess sem hann viðurkenndi að hafa ekki skráð vítahögginn á skorkort sitt. Kristján hafi sagt að hann hafi hrifist með í einhverri stemningu sem varð til í ráshópnum og hafi hann því ekki skráð þessi tvö vítahögg á skorkort sitt.

Þá var haft samband við Helga í síma sem kom til fundar við Arnar og Tryggva skömmu síðar þar sem farið var yfir málið með honum og varð hann ósáttur. Dómari og Arnar bera um að áður en kærði gekk á dyr hafi komið fram að kærði hafi vitað af broti sínu og úrskurði dómara en hefði engu að síður ekki skráð vítahögginn á skorkort sitt.

Eftir að leik var lokið þennan keppnisdag og mótsstjórn var við undirbúning fyrir næsta dag, vildi Helgi ítrekað ræða við mótsstjórn og fá frekari skýringar á málinu en fékk þau svör að ákvörðun mótsstjórnar stæði óhögg og yfirgaf kærði golfskálann. Síðar sama dag er dómari og Arnar voru komnir aftur út á völl í hefðbundið eftirlit með leikhraða og óku fram hjá 18. teig, sáu þeir kærða sitja þar á bekk og þegar þeir óku fram hjá honum hafi hann sýnt þeim löngutöng.

Ekki náðist í Margeir, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og var tekin ákvörðun um að senda honum skilaboð með ákvörðun mótsstjórnar um frávísun hans og honum bent á að hafa samband ef spurningar vöknud. Það var ekki fyrr en eftir að rástímar fyrir þriðja leikdag voru birtir að hann hafði samband með skilaboðum og var mjög ósáttur við ákvörðun mótsstjórnar og óskaði skýringa á henni. Var honum þá boðið að eiga símtal við dómara mótsins, sem hann hafnaði. Seinna um kvöldið sendi Margeir tölvupóst á Arnar þar sem hann mótmælti formlega frávísun sinni úr mótinu og sagði dómara hafa farið fram úr sér. Jafnframt að hann gæti ekki sem ritari borið ábyrgð á því sem hann ekki sá. Þá óskaði kærði Margeir eftir því að mótsstjórn endurskoðaði ákvörðun sína, sem stæðist enga skoðun. Mótsstjórn var tilkynnt um tölvupóstin og fundaði um málið seint um kvöldið, þar sem var farið aftur ítarlega yfir málið. Var Margeiri sendur tölvupóstur í kjölfarið þar sem honum var tilkynnt að fyrri ákvörðun stæði óbreytt.



Rétt fyrir klukkan átta að morgni þriðja leikdags sendi Margeir SMS á Arnar og óskaði eftir fundi með mótsstjórn sem var orðið við enda öll mótsstjórn á staðnum. Fundað var með Margeiri stuttu síðar og fékk hann útskýringu á frávísun hans úr mótinu en hann var mjög ósáttur við þau málalok.

Margeir fullyrti að dómari hafi ekki farið með rétt mál og að engum í ráshópnum hefði verið ljóst, þegar dómari gekk í burtu af 18. flöt, að dómari hefði tilkynnt um umrædd vítahögg. Honum fannst staðarreglur ekki hafa verið birtar með réttum hætti og illa kynntar. Hann sagði að dómari ætti að vera leiðbeinandi en ekki vera hlaupa út um allan völl og víta keppendur. Að lokum þakkaði kærði Margeir mótsstjórn fyrir fundinn en sagðist ekki ætla láta staðar numið við þetta.

Stuttu seinna þennan sama dag, þann 16. júlí, birti kærði Margeir færslu á Facebook síðu sinni þar sem hann gagnrýndi harðlega framgöngu mótsstjórnar í málinu. Í færslu sinni sakaði hann einn meðlim mótsstjórnar, dómarann Tryggva, um lygar og aðra mótsstjórnarmeðlimi um að fylgja lygum í stað skynsemi. Ákvað kærði Margeir að nafngreina sérstaklega alla þá aðila mótsstjórnar sem hlut áttu að máli og í lok færslunnar merkti hann (taggaði) forseta Golfsambands Íslands með orðunum „þessi ósómi er á þinni vakt!“

Mótsstjórn sendi síðan aganefnd GSÍ, kærana og málsgögn í tölvupósti þann 2. ágúst s.l., eins og áður kom fram.

II. Mótbárur aðila.

Þar sem Helgi skilaði ekki greinargerð, þrátt fyrir áskorun aganefndar, er litið svo á að hann hafi ekki sérstakar mótbárur við efni og kröfugerð í kæru. Þrátt fyrir þetta telur aganefnd að rétt sé að fjalla sameiginlega um mótbárur allra kærðu sem komu fram á mótssað og í greinargerðum meðkærðu og gögnum máls, svo að samhengi fáiist í niðurstöðu aganefndar í málum allra leikmannanna, sbr. það sem kemur fram hér á eftir. Þess ber að geta að varnir Margeirs og Kristjáns eru miklar að umfangi og telur aganefnd rétt að fjalla um þær helstu sem hér fara á eftir.

1) Kynning staðarreglna.

Ágreiningslaust er að hlekkur var sendur á keppendur í viðbætur við staðarreglur, þær útprentaðar og afhentar keppendum fyrir fyrsta hring ásamt holustaðsetningum. Þá kannast kærðu við að keppnisiskilmálar og staðarreglur GSÍ hafi hangið á vegg í klúbbhúsi. Hefur sá háttur verið viðtekin venja í golfheiminum um áratuga skeið, bæði í mótum og við almennan leik og ætti því ekki að koma jafnreyndum kylfingum og kærðu eru á óvart en í upphafi mótsins voru þeir með forgjöf á bilinu 2,1 upp í 7,3. Það er mat aganefndar að málsbætur felist ekki í vanþekkingu á reglum heldur er því um að kenna að leikmenn hafi ekki sinnt þeirri skyldu sinni að kynna sér þær reglur sem um mótið giltu.

Lítur aganefnd svo á að það sé skylda og á ábyrgð kylfinga að kynna sér reglur sem um mót gilda. Þessi máti á kynningu staðarreglna og annarra reglna hefur verið viðhafður í áraraðir á mótum GSÍ.

Á upplýsingasíðu mótsins eru keppnisiskilmálar og á www.golf.is undir flípanum „Lög og reglugerðir“ eru allar reglur og reglugerðir sem í gildi eru hjá GSÍ. Efst í flípanum eru „Almennar staðarreglur um hegðun 2022“, því næst „Almennar staðarreglur um leikhraða 2022“ og svo „Almennir keppnisiskilmálar og



staðarreglur 2022“ sem allar voru í gildi á Íslandsmóti eldri kylfinga. Eins og greinir í málavaxtalýsingu, er m.a. ákveðið í 13. gr. síðastnefndu reglnanna, að leikmaður megi ekki slá nein æfingahögg á eða nærri flöt holunnar sem hann var að ljúka.

Golfreglur, þ.m.t. staðarreglur, eru það viðamiklar að ekki er gerlegt að fara yfir þær allar með keppendum áður en þeir eru ræstir út. Til þess er tíminn milli ræsinga einstakra holla einfaldlega of lítill. Keppendur þurfa því að gefa sér tíma áður en þeir fara að spila til að kynna sér hvaða reglur eru í gildi, þar sem þær geta breyst frá einum velli til annars og frá einum tíma til annars.

2) Úrskurður dómara.

Kærðu hafa haldið því fram að dómari hafi ekki verið nægilega skýr er hann kvað upp úrskurð um vítin. Aganefnd lítur svo á að í málalíbúnaði meðkærðu, Kristjáns og Margeirs, komi fram og teljist því óumdeilt, að dómari hafði gert keppendum grein fyrir því að þeir hefðu gerst brotlegir, hvert brotið var og hvaða refsingu þeir hlutu fyrir það, áður en þeir skiluðu of lágu skori á skorkortum sínum og staðfestu skor með undirskrift sinni. Skiptir engu máli hvort kærðu hafi kannast við staðarregluna sem brotið var gegn eða ekki, sbr. umfjöllun í 1) hér að framan.

Það er á ábyrgð leikmanns að víti sé skráð og ábyrgð ritara að skrá skor, að meðtöldum vítahöggum sem viðkomandi leikmaður bakar sér. Hafi kærðu verið í vafa um vítin áður en þeir skiluðu kortunum var þeim í lófa lagið að hringja í dómara og fá nánari upplýsingar og skýran úrskurð. Nafn og símanúmer dómara voru í gögnum sem kærðu voru afhent á teig eins og ávallt er í mótum enda er það einnig viðurkennt í málalíbúnaði kærðu. Þá skal áréttað að það er ekki hlutverk dómara að fylgja keppendum sem ávinna sér víti til móttöku mótsstjórnar til að tryggja að víti sé skráð eins og kærðu halda fram.

Þetta kemur skýrt fram í golfreglu 1.3b, þar sem segir:

Ábyrgð leikmanns á að beita reglunum.

Leikmenn eru ábyrgir fyrir að beita reglunum gagnvart sjálfum sér:

- Ætlast er til að leikmenn viti hvenær þeir hafa brotið reglu og séu heiðarlegir við að beita sjálfa sig vítum.
- Ef leikmaður veit að hann hefur brotið reglu sem felur í sér víti og ákveður að yfirlögðu ráði að beita ekki vítinu hlýtur leikmaðurinn **frávísun**.
- Ef tveir eða fleiri leikmenn sammælast vísvitandi um að hunsa einhverja reglu eða víti sem þeir vita að er viðeigandi, og einhver þeirra hefur byrjað umferðina, hljóta þeir **frávísun** (jafnvel þótt ekki hafi enn reynt á samkomulagið).

Í máli þessu skiptir engu þótt aðrir leikmenn kunni að hafa tekið æfingapútt án þess að telja á sig víti eins og þeim ber að gera. En verði þeir staðnir að því að brjóta reglurnar ber dómara, rétt eins og í þessu máli, að úrskurða víti á viðkomandi kylfinga. En verði leikmaður vitni af því að aðrir brjóti reglur og ákveður að



greina ekki frá því, er hann þar með samsekur hinum brotlega skv. reglu 20.1c (2) og viðurlög eru frávísun.

3) Ábyrgð ritara.

Fram kemur í málaltilbúnaði Margeirs, að ritari beri ekki ábyrgð á því sem hann ekki sér. Í skilgreiningum golfreglna er ritari skilgreindur þannig: „Í högggleik, einstaklingur sem ber ábyrgð á að skrá skor leikmanns á skorkort leikmannsins og staðfesta skorkortið. Ritarinn getur verið annar leikmaður, en þó ekki samherji.“

Í reglu 3.3b sem fjallar um skor í högggleik segir svo:

„*Ritarinn* heldur utan um skor leikmannsins á *skorkorti* hans. Ritarinn er annað hvort tilnefndur af *nefndinni* eða valinn af leikmanninum á einhvern hátt sem *nefndin* samþykkir“.

Leikmaðurinn verður að hafa sama *ritara* alla *umferðina*, nema *nefndin* samþykki breytingu, annað hvort fyrir fram eða eftir að hún á sér stað“.

(1) Ábyrgð ritara: Að skrá og staðfesta skor hola á skorkorti. Eftir hverja holu á meðan *umferðin* er leikinn ætti *ritarinn* að bera höggafjöldann á holunni undir leikmanninn (þ.e. slegin högg og vítahögg) og skrá brúttó höggafjöldann á *skorkortið*.

Að lokinni *umferðinni*:

- Verður *ritarinn* að staðfesta skor holanna á *skorkortið*.
- Ef leikmaðurinn hafði fleiri en einn ritara verður hver þeirra að staðfesta skor á þeim holum sem hann var *ritari*.

Golfreglur gera þannig ráð fyrir því að leikmaður og ritari hans séu sammála um skor á holunni að vítahöggum meðtöldum. Eftir að dómari hafði tilkynnt um vítahögginn fyrir æfinguna á 17. holu hefðu Margeir og sá sem hann ritaði, átt að lagfæra skorið á holunni og skrá það. Hafi þeir eftir það verið í vafa um vitan áttu þeir kost á að hringja í dómara til að fá þeirri óvissu eytt. Af þessu má ráða að kærðu hafi ekki viðhaft það verklag sem golfreglur gera ráð fyrir. Af golfreglunni má ráða að ritara sé skylt að skrá öll þau högg sem hann sér og líka þau sem hann veit um að leikmaður hefur tekið eða fengið sem víti.

4) Setning staðarreglna.

Kærðu byggja á því að staðarreglur hafi ekki verið settar af réttum aðila. Eitt af hlutverkum „nefndarinnar“ eins og hún er kölluð í golfreglum er að setja staðarreglur. Nefndin er skilgreind í staðarreglum sem einstaklingur eða hópur sem ber ábyrgð á keppninni eða vellinum. Í þessu sambandi ber að líta til þess hver það er sem ákveður og er ábyrgur fyrir GSÍ mótum, en Íslandsmót eldri kylfingar er einmitt eitt slíkra móta. Eðli máls samkvæmt er það GSÍ, og þá stjórn þess á milli aðalfunda þess, sem er ábyrg. Stjórn GSÍ er því nefndin í skilningi golfreglna þegar um mót á vegum þess er að ræða.

Þetta kemur fram í 3. gr. móta- og keppendareglna GSÍ, þar sem segir m.a.: „Ákvörðun GSÍ um öll Íslandsmót og stigamót skal tekin á stjórnarfundum GSÍ og kynnt golfklúbbum með hæfilegum fyrirvara“. Í 5. gr. sömu reglna er nánar kveðið um hlutverk mótsstjórnar og hvernig hún skuli haga mótum.



Mótsstjórn þessi hefur því ekki það frjálsræði sem golfreglur gera ráð fyrir að nefndin sem slík eigi að hafa og lýtur þar forræði GSÍ.

Í samræmi við framangreint hefur stjórn GSÍ sett almennar staðarreglur í áratugi, sem gilda skulu í öllum mótum þess. Er þar um almennar reglur að ræða, sem eru þess eðlis að þær geta gilt á hvaða golfvelli sem er. GSÍ skipar síðan ásamt samstarfslúbbi sínum, mótastjórn fyrir hvert mót og er það hlutverk þessara mótastjórna að setja viðauka við staðarreglur og annast framkvæmd mótanna. Þeir viðaukar taka mið af sér aðstæðum hvers golfvallar fyrir sig sem mótin fara fram á. Heita þær reglur enda „viðaukar við staðarreglur“, því þær koma til viðbótar staðarreglum GSÍ. Í þessum mótum er stjórn GSÍ því „Nefndin“ og hefur fulla heimild samkvæmt golfreglum, til að setja almennar staðarreglur sem gilda í mótum þess.

5) Gildi staðarreglna gagnvart golfreglum.

Kærðu halda því fram að staðarreglur séu andstæðar golfreglum. Regla 5.5b fjallar um takmarkanir á æfingahöggum á milli hola og á hún við í þessu sambandi:

„Á milli hola má leikmaður ekki slá æfingahögg.“

Undantekning – Hvar leikmaður má æfa pútt og vipp: Leikmaðurinn má æfa pútt og vipp á eða nærri:

- *Flöt* holunnar sem hann var að ljúka eða á einhverri æfingaflöti (sjá reglu 13.1e) og
- *Teig* næstu holu.

Þó má ekki slá slík æfingahögg úr *glompu* og þau mega ekki tefja leik um of (sjá reglu 5.6a)

Síðan segir: „Sjá Verklag nefnda, hluta 8 og fyrirmynd staðarreglu 1-2 (nefndin má setja staðarreglu sem bannar æfingapútt og æfingavipp á eða nærri flöt holunnar sem síðast var leikin)“ .

Í samræmi við ákvæði reglu 5.5b, er ekki fallist á það að staðarregla sem bannar æfingapútt sé andstæð golfreglum, heldur þvert á móti gera reglurnar ráð fyrir að hægt sé að setja slíka golfreglu. Golfreglurnar gera einnig sérstaklega ráð fyrir því að staðarreglur séu hluti reglnanna. Þessi skilningur kemur skilmerkilega fram í reglu 1.3a.

6) Þekking á golfreglum.

Rétt kann að vera sem haldið er fram af kærðu, að ekki sé hægt að ætlast til að óvanir kylfingar þekki allar reglur. Á hinn bóginn er ekki hægt að fallast á það að lágförgjafarkylfingar sem allir kærðu eru, séu óvanir kylfingar. Kærðu eru þvert á móti mjög vanir kylfingar og hefur a.m.k. einn þeirra keppt á fjölda GSÍ móta í meistaraflökki, er golfkennari, með héraðsdómararéttindi í golfi og er þar að auki stjórnarmaður í golfklúbbi. Aganefnd lítur svo á að allir kærðu séu þvert á móti reyndir kylfingar og til þess sé ætlast af þeim að þeir kynni sér hvaða reglur eru í gildi í þeim mótum sem þeir eru að fara að keppa í. Er því ekki fallist á það að þekkingarleysi sé afsakanlegt í þessu máli. Þessu til viðbótar eru alltaf skipaðir dómara á mótum GSÍ sem hafa það hlutverk að úrskurða um reglur og leiðbeina kylfingum við leik þeirra, hvað reglur varðar. Leikmönnum eru afhentar upplýsingar um það hver sá dómari er og hvernig hægt er að ná sambandi við hann. Er það gert þar sem ekki er hægt að ætlast til að leikmenn viti allar reglur íþróttarinnar



7) Leikmannaútgáfa golfreglna.

Kærðu byggja á því að í leikmannaútgáfu golfreglna segi ekkert um heimild til að setja staðarreglu. Í inngangi leikmannaútgáfu golfreglna segir að ritinu sé dreift til kylfinga um allan heim. Ritið er stytt útgáfa golfreglnanna. Síðar segir svo: „Þótt útgáfan nái ekki til sumra aðstæðna sem koma sjaldan við sögu í golfleiknum vísar hún til nánari upplýsinga um aðstæðurnar í aðal reglubókinni“

Í framhaldi er sýnt tákni sem vísar til þess að nánari upplýsingar er (séu) að finna í aðal reglubókinni. Í leikmannaútgáfunni er að finna þetta tákni í reglu 5.5 þar sem lesanda er vísað til þess að kynna sér efni þessarar reglu í sjálfri reglubókinni, þar sem heimildin til að setja staðarreglu sem bannar æfingar eftir að leik um holi er lokið, er að finna þar

8) Sama refsing fyrir brot á reglu.

Kærðu halda fram að kylfingar sem óvart brjóti reglu eigi að fá sömu meðferð. Fyrir liggur að dómari úrskurðaði víti á tvo kærðu og gerði þeim grein fyrir broti sínu en þeir hunsuðu úrskurð dómara gegn betri vitund og höfðu hann að engu. Þegar þeir skiluðu skorkortum sínum var skorið tveimur höggum of lágt. Jafnframt staðfesti ritari annars þeirra skorkortið þrátt fyrir vitneskju um vitið. Þar með teljast þeir í rauninni hafa reynt að hafa rangt við með því að skila inn staðfestum skorkortum með of fáum höggum.

Kærðu hafa bent á að sama málsmeðferð ætti að gilda um þá og í máli leikmanns sem einnig var uppvís að því að brjóta regluna með æfingapúttum og ekki skráði á sig víti. Munurinn á málunum liggur í því hvað leikmenn vissu eða vissu ekki þegar skorkortum var skilað. Dómari var ekki vitni að umræddu broti og hafði því ekki úrskurðað víti á leikmanninn, þegar hann skilaði skorkorti án þess að gera sér grein fyrir vítum sem hann hefði átt að fá. Mótsstjórn endurskoðaði skor hans þegar upp komst og bætti við vítahöggum, í samræmi við undantekningu í reglu 3.3b (3).

9) Lögsaga aganefndar.

Aganefnd ber ekki á móti því að menn hafi frelsi til þess að tjá sig í ræðu eða riti, á samfélagsmiðlum sem annars staðar. Frelsi þessu fylgir þó ábyrgð og það sem skiptir máli í þessu sambandi er að kærði Margeir birti færslu um atvik þessa kærumáls á Facebook, þann 16. júlí s.l., sem var síðasti dagur Íslandsmóts eldri kylfinga og var þá enn ekki lokið.

Um lögsögu reglugerðar um aganefnd GSÍ, segir í 1. gr. að hún gildi um öll agavandamál í opnum mótum, mótum á vegum GSÍ og þeim mótum og keppnisferðum sem GSÍ velur þátttakendur í, hvort heldur í hlut eiga leikmenn, forystumenn golfklúbba, dómarar, áhorfendur, þjálfarar eða aðrir.

Í 3. gr. reglugerðar um aganefnd GSÍ segir svo um hlutverk nefndarinnar: „Hlutverk aganefndar er að úrskurða um agabrot og óþrúðmannlega eða ámælisverða framkomu.“ Í 1. mgr. 10. gr. móta- og keppendareglna GSÍ segir: „Keppandi skal koma heiðarlega og drengilega fram við keppinauta sína og eigi beita óleyfilegum brögðum. Hann skal sýna dómurum og starfsmönnum mótsins tilhlýðilega virðingu og eigi fara niðrandi orðum um þá eða áhorfendur.“

Í þessu sambandi ber að hafa í huga að í mótum á vegum GSÍ er treyst á fjölda sjálfboðaliða sem gefa vinnu sína og tíma, til þess að gera mótahald mögulegt. Þetta er nokkuð sem keppendum golfmóta ber að virða sem og að koma fram af virðingu við þá sem starfa þar sem sjálfboðaliðar.



Óumdeilt er að Margeir var keppandi í mótinu sem hann ritar grein um á Facebook, þar sem farið er neikvæðum orðum um sjálfboðaliða sem voru að störfum við Íslandsmót eldri kylfinga og þeir nafngreindir. Er þar gefið í skyn að starfsmenn mótsins hafi ekki verið starfi sínu vaxnir og sakaðir um lygar. Aganefnd lítur svo á að með ummælum sínum í færslunni hafi Margeir sem keppandi á umræddu móti, brotið gegn ákvæði 1. mgr. 10. gr. móta- og keppendareglu GSI.

Þá er rétt að geta þess að 13 gr. móta- og keppendaregla GSI gerir ráð fyrir því að keppendur, liðsstjórar og eftirlitsmaður GSI hafi heimild til að gera skriflegar athugasemdir til mótsstjórnar um framkvæmd móta. Þessum athugasemdum á að koma á framfæri við mótsstjórn áður en móti lýkur sem kveður upp úrskurð, sem keppandi getur áfrýjað. Fyrir liggur að Margeir nýtti ekki þennan rétt.

III. Forsendur og niðurstaða

Ágreiningslaust er að Helga og Kristjáni var kunnugt um að dómari dæmdi á þá tvö víti. Jafnframt er ágreiningslaust að hvorugur þeirra skráðu vítin á skorkort sín sem þeir skiluði þar af leiðandi með of lágu skori á eina holu. Viðurlög við því er frávisun úr mótinu, sbr. reglu 3.3.b(3). Jafnframt liggur fyrir að Margeir staðfesti vísitandi skor annars þeirra eftir að hafa þrætt við dómara og eru viðurlög einnig frávisun úr mótinu, sbr. reglu 20.1c (2).

Að mati aganefndar sýndu kærðu Helgi og Kristján af sér óþrúðmannlega og ámælisverða hegðun þegar þeir ákváðu í sameiningu að skrá ekki tvö víti til viðbótar skori á 17. holu vallarins sem dómari úrskurðaði á þá báða. Með háttsemi sinni ákváðu kærðu Helgi og Kristján að hafa rangt við í golfmótinu með því að hafa úrskurð dómara að engu. Með þessu sýndu þeir dómara, starfsmönnum og öðrum keppendum vanvirðingu. Þá telur nefndin að sú framkoma Helga að sýna formanni mótanefndar og dómara löngutöng þegar þeir óku framhjá honum lýsa virðingarleysi við þá sjálfboðaliða sem voru að starfa við viðkomandi mót.

Að mati aganefndar var kærða Margeiri falið mikilvægt hlutverk þegar honum var falið að skrá skor meðspilara síns. Í því hlutverki felst sú skylda að gæta þess samvisskusamlega að skor keppanda hafi verið rétt skráð, ekki einungis gagnvart keppandanum sjálfum heldur einnig gagnvart öðrum keppendum mótsins. Með háttsemi sinni hafði kærði það hlutverk sitt að engu og brást þar með skyldum sínum. Að mati aganefndar var framkoma Margeirs ámælisverð þegar hann lét sér í léttu rúmi liggja hvort skor meðspilara síns væri rétt skráð, líkt og honum hafði verið falið að gera af mótsstjórn. Með þessu ásamt því að birta á facebook niðrandi skrif um starfsmenn mótsins, sýndi hann jafnframt öðrum keppninautum og starfsmönnum mótsins ekki þá virðingu sem áskilið er. Við ákvörðun viðurlaga í málinu telur nefndin að líta beri til þess að Margeir er kylfingur sem tekið hefur þátt í fjölda móta á vegum GSI, hefur verið meðal bestu kylfinga landsins, er golfkennari og héraðsdómari. Með hliðsjón af þessu telur aganefnd að gera megi kröfur til hans um að framkoma hans sé öðrum kylfingum til fyrirmyndar.

Þann ásetning sem allir kærðu sýndu af sér lítur aganefnd alvarlegum augum enda hvílir jafnframt sú grundvallarskylda á kylfingum að koma ávallt heiðarlega og drengilega fram við keppinauta sína og aðstandendur golfmóta. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar um aganefnd er það hlutverk aganefndar að úrskurða um agabrot og óþrúðmannlega eða ámælisverða framkomu kylfinga. Með framkomu sinni



brutu kærðu gegn 1. kafla golfreglna R&A, keppnisskilmálum mótanefndar GSÍ, 10. gr. móta- og keppendareglna GSÍ og 14. gr. móta- og keppendareglna Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands.

Að öllu framangreindu virtu er það mat aganefndar að allir kærðu hafi sýnt af sér óþrúðmannlega og ámælisverða hegðun og að kærðu hafi gerst sekir um alvarleg agabrot þegar þeir sammæltust með öðrum leikmönnum í sama ráshópi að skrá of lágt skor á skorkort sín í mótinu og að undirrita rangt skor gegn betri vitund.

Að öllu framangreindu virtu og með vísan í fyrri fordæmi aganfndar eru viðurlög allra kærðu hæfiega ákveðin leikbann í 12 mánuði frá dagsetningu úrskurðar þessa að telja.

IV. Úrskurður:

Kærði Kristján Ólafur Jóhannesson skal sæta leikbanni í 12 mánuði frá dagsetningu úrskurðar þessa að telja.

Kærði Helgi Svanberg Ingason skal sæta leikbanni í 12 mánuði frá dagsetningu úrskurðar þessa að telja.

Kærði Margeir Vilhjálmsson skal sæta leikbanni 12 mánuði frá dagsetningu úrskurðar þessa að telja.

Reykjavík, 30. september 2022


Guðmundína Ragnarsdóttir


Jónatan Ólafsson


Sigurður Geirsson